



SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólsögötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 bréfasími: 552 7382
postur@srn.is srn.is

Hafnarfjarðarkaupstaður
Rannveig Einarasdóttir
Pósthólf 100
222 Hafnarfjörður

Reykjavík 7. júní 2019
Tilv.: SRN18060053/7.20

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarkaupstaðar, dags. 21. maí 2019, þar sem sótt er um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna kaupa og endurbóta á húsnæði að Suðurgötu 14 vegna dagþjónustu fyrir fatlaða grunn- og framhaldsskólanemendur.

Annars vegar er um að ræða hæfingu fyrir fatlað fólk á grundvelli d. liðar 2. gr. reglugerðar nr. 460/2018. Vinaskjól sem fellur undir d. lið 2. gr. rgl. nr. 460/2018 en um er að ræða dagþjónustu fyrir fatlaða framhaldsskólanemendur með miklar stuðningsþarfir.

Hins vegar er um að ræða Klett sem er dagþjónusta fyrir fatlaða grunnskólanemendur á mið- og efstastigi grunnskólanna sem tekur á móti börnum að skóladegi loknum og er opinn allan daginn í skólafríum og á sumrin. Sótt er um framlag vegna Kletts á grundvelli e. liðar reglugerðar nr. 460/2018. Skv. 16. gr. laga nr. 38/2018 um fatlað fólk er frístundaþjónusta nú orðin lögbundin þjónusta sem sveitarfélögum er skylt að veita.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 28. maí sl. að taka beiðni sveitarfélagsins um kostnaðarþátttöku sjóðsins í framkvæmdinni til greina. Nemur kostnaðarþátttaka sjóðsins 25% af áætluðum heildarkostnaði að fjárhæð 206.646.154 kr., eða 51.661.538 kr., sem greitt verður úr Fasteignasjóðnum að fullu við lok framkvæmda.

Áður en til greiðlu framlagsins kemur þurfa að liggja fyrir gögn hjá sjóðnum um framkvæmdakostnað og kaupsamning fasteignarinnar sem staðfest hafa verið af löggiltum endurskoðenda sveitarfélagsins. Jafnframt munu starfsmenn sjóðsins skoða húsnæði hæfingarstöðvarinnar við fyrsta tækifæri í samráði við starfsmenn sveitarfélagsins.

Fyrri samþykkt um kostnaðarþátttöku að fjárhæð 22 m.kr. er felld úr gildi.

Fyrir hönd ráðherra


Guðni Geir Einarsson


Tinna Dahl Christiansen